

12.4. Rýmingaráætlun.

Þegar brunabjallan fer í gang:

Eldhúsfólkið fer og athugar brunaboða ásamt leikskólastjóra.

Starfsmaður frá hverju svæði kannar aðstæður og bíða eftir nánari skilaboðum. Ef fleiri en einn er á deildinni þá fer einn í að athuga hvaðan brunaboð kemur. Það sést á brunatöflunni í forstofu leikskólans.

Komi upp eldur:

Kalla börnin í röð

Muna að taka nafnakladda/ mætingarkladda á deild á honum eiga að vera símanúmer foreldra.

Allir út í garð leikskólans

Ef bruni er á staðnum þarf að meta aðstæður hvort hægt er að senda börnin út í garð úr fataklefa.

Ef ekki er hægt að fara út úr fataklefa þá fara börnin út á svalir og ferjuð þaðan niður í garðinn.

12.4.1. Skilgreind svæði er rýming leikskólans á sér stað

Deildir eiga ákveðin svæði á lóð.

- **Klettur:** ramban/ vegasaltið
- **Berg:** rólur
- **Holt:** grasflötin hjá steinunum
- **Hamar:** hliðið niðri við brekku

12. 4. 2 Slökkva á brunaboða

1. Snúa lykli
2. *Þrýsta á rauða (endurstilla bjöllu) þar til hljóð hættir*
3. Athuga hvar brunaboði fór í gang-upplýsingar af deildum
4. Ef allt er í lagi þá
5. *Þrýsta á græna (endurstilla)*
6. Snúa lykli
7. skrifa í bók hvenær brunaboði fór í gang og hvaða svæði